

Nr. 026 / 16 Selfoss***Skipverji slasast á hendi***

IMO.nr. 8914556
Fánaríki: Antigua & Barbuda
Smíðaður: Danmörku 1991, stál
Stærð: 7.676 BT 8.609 DW
Mesta lengd: 127 m
Breidd: 20,5 m Dýpt: 7,5 m
Vél: MaK 5.400 kW, 1991
Fjöldi skipverja: 11



Selfoss©Hilmar Snorrason

Gögn:
Slysaskýrsla frá skipi
Ljósrit úr leiðarbók

Málið afgreitt á fundi 17. október 2016 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrassyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 18. mars 2016 var Selfoss á siglingu frá Argentínu til Reykjavíkur. Veður: NV 6 m/s

Vélstjóri var að vinna við rennibekk þegar spónn slóst úr smíðastykki í hægri hendi hans með þeim afleiðingum að hann slasaðist talsvert á þremur fingrum.

Við rannsókn kom fram:

- að vélstjórinn kvaðst hafa farið ósjálfrátt með hendina í spónninn;
- að hlífur á rennibekknunum og neyðarstöðvun hans voru í lagi.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.